



Fyrirmyndarfélag ÍSí

	Gátlisti v/ gæðaverkefni	
1	Skipulag félags / deildar:	
A	Skipurit er til staðar	Skipurit verður eðlilega að mótast af hverju félagi fyrir sig.
B	Markmiðssetning félags er skýr	Hér þarf að koma skýrt fram hver markmið félagsins eru, íþróttaleg, félagsleg, uppeldisleg o.sfrv. Oft er getið um markmið með starfsemi félags í lögum þess en það er hvergi nærri nóg.
C	Ungt fólk 16 – 25 ára á fulltrúa/ áheyrnafulltrúa í stjórn	Hér þarf samþykkt/staðfestingu stjórnar fyrir þessum fulltrúa. Reynsla hinna eldri í bland við ferskar hugmyndir hinna yngri er góð blanda.
2	Umgjörð þjálfunar og keppni	
A	Starfað í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSí um barna og unglingaíþr.	Hér þarf staðfestingu stjórnar, þ.e. stjórnin samþykkir að fara eftir stefnu ÍSí í þessum efnum og þ.a.l. þurfa allir sem koma að starfi félagsins að kynna sér stefnuna. Það er í verkahring stjórnar að sjá til þess að stefnan sé kynnt reglulega þeim aðilum sem ekki þekkja hana til fulls.
B	Félagið /deildin hefur útbúið kennslu- og æfingaskrá	Þetta er í raun mesta vinnan. Líkt og aðalnámskrá grunnskóla. Það þarf að tíunda hvað tekið skal fyrir við þjálfum hvers aldrsstigs, flokks eða hóps, allt eftir grein hverju sinni.
3	Fjármálastjórn:	
A	Bókhald er aðskilið eldri – yngri	Stundum á þetta ekki við, þ.e. þegar iðkendur eru langflestir ef ekki allir á barns- eða unglingsaldri.
B	Laun þjálfara eru samræmd	Samræmd laun, hvort sem þjálfari þjálfar drengi eða stúlkur, unga eða gamla, allt eftir menntun, þekkingu og reynslu þjálfarans hverju sinni.
C	Þjálfarar eru launþegar	Ríkisskattstjóri beinir þeim tilmælum til íþr.hreyf. að hún sé með launþega frekar en verktaka. Það hefur sýnt sig að verktakar eru oft að lenda í vandræðum vegna pappíra og launatengdra gjalda sem þeir þurfa að standa skil á.
D	Fjárhagsáætlun næsta árs liggur fyrir	Þetta er fylgiskjal sem verður að fylgja.
4	Þjálfaramenntun	

A	Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ	Hér er miðað við útgefnar kröfur ÍSÍ miðað við aldur iðkenda.
B	Aðstoðarþjálfari er til staðar ef þarf	Hér er átt við fjölda í hóp sem hægt er að ætla einum þjálfara.
C	Samstarfsfundir þjálfara eru haldnir	Nauðsynlegur hlutur til að tryggja eðlilega framvindu í þjálfun. Auk þess má fullyrða að saman geti þjálfarar náð meiri árangri með því að bera saman bækur sínar en ella.
5	Félagsstarf	
A	Áætlun um félagsstarf liggur fyrir	Nauðsynlegur þáttur í allri íþróttaiðkun/-þjálfun. Þáttur sem má ekki gleymast og á að vera niðurnjörvaður í skipulag tímabils en ekki á bak við eyrað á stjórnarmönnum/þjálfurum og gleymast svo í annríki æfinga og keppna.
6	Foreldrastarf	
A	Verksvið foreldraráða er skilgreint	Það er stjórnar félagsins að skilgreina verksvið foreldraráðs, þeirra er þekkingin á því hvað best er fyrir félagið að foreldraráðið vinni að.
7	Fræðslu og forvarnir	
A	Félagið/deildin hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnarmálum	Í tengslum við stefnu ÍSÍ í forvarnarmálum. Fáar en skýrar greinar sem félagið treystir sér til að fara eftir. Koma þarf inn á einelti og kynferðislega áreitni í stefnunni
8	Jafnréttismál	
A	Félagið /deildin sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar	Eins og í öllum tilfellum er ekki verið að biðja um doðrant heldur nokkrar fáar en skýrar greinar um þetta efni. Búa til stutta en markvissa stefnu í jafnréttismálum.
B	Aðskilið bókhald	Þetta á ekki við ef um er að ræða hópa á æfingum sem ekki eru kynjaskiptir.
9	Umhverfismál	
A	Félagið /deildin hefur mótað sér leiðir í umhverfismálum	Leiðir sem félagið treystir sér til að fylgja Leita m.a. í þá þætti sem þegar eru fyrir hendi, s.s. umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum, í ferðalögum, notkun endurvinnanlegra vara/efna, hvetja til samkeyrslu á æfingar og keppnir o.s.frv. 4-6 greinar sem hægt er að fara eftir. Sum félög hafa hér inni t.d. einn tiltekta-/gróðurdag á ári þar sem félagar planta gróðri og/eða taka til á félagssvæði sínu.

skýringar: + í lagi, (+) vantar örlítið uppá, / að hluta, (/) er í lámarki, - vantar, ? þarf að athuga, X á ekki við.